

Rock

Uppsetning og reglur leiksins

Hvað er í pakkanum

- 60 ROCK! spil
- 20 af hverju: Steini, blaði, skærum.
- Járndós



Markmið

Leikmenn safna stigum með því að vera fyrstir til að kalla nafn sigurspilsins þegar tvö spil eru úti. Leikmaðurinn sem er með flest stig í enda leiksins sigrar ROCK!

Undirbúningur

1. Stokkið og skiptið í tvö jafna bunka og leggið á grúfu
2. Setjið bunkana fyrir framan sinn hvorn leikmanninn.

Gangur leiksins

1. Báðir leikmenn taka sinn bunka, halda á honum á grúfu í hendinni.
2. Samtímis, snúa báðir leikmenn efsta spilinu við og leggja á borðið, þannig að það snúi upp.
 - *Spilin skal snúa við frá leikmanni, svo báðir leikmenn sjá myndina á spilinu á sama tíma.*
 - *Spilin á að setja hlið við hlið á borðið, svo báðir leikmenn geti séð þau.*
3. Leikmenn keppast um að kalla spilið sem vinnur. Sigur spilið er ákvarðað með því að notast við hefðbundna steinn, blað skæri reglurnar:
 - **Steinninn sigrar skærin með því að gera þau bitlaus.**
 - **Pappírinn sigrar steininn með því að pakka þeim inn.**
 - **Skærin sigra pappírinn með því að klippa hann.**
4. Sá sem er fyrstur til að kalla upp sigur spilið fær bæði spilin sem eru í borði. Unnin spil er síðan raðað í bunka fyrir framan leikmanninn sem vann þau. Hvert spil telur 1 stig.
 - *Það skiptir engu máli hver setti út sigurspilið; sá leikmaður sem er fyrstur að kalla upp sigurspilið vinnur.*
 - *Ef að leikmaður kallar upp spil og það er ekki sigurspilið, þá tapar viðkomandi og hinn leikmaðurinn fær spilin í borði.*
 - *Ef báðir leikmenn kalla upp sigurspilið samtímis, þá er jafntefli og spilin eru látin vera á borðinu áfram og næstu spil eru látin ofan á þau. Næsti sem vinnur fær öll spilin sem liggja á borðinu.*
 - *Ef það koma tvö spil með sama nafni, til dæmis tvö spil með mynd af blaði, þá er jafntefli. Báðir leikmenn segja ekkert og spilin liggja á borðinu. Næstu 2 spil eru lögð ofan á þau. Næsti sem vinnur fær öll spilin sem eru á borðinu.*
 - *Ef tvö eins spil eru í borði, og annar leikmannann segir eitthvað, þá tapar sá hinn sami sjálfkrafa og hinn leikmaðurinn vinnur borðið.*
5. Spilað er þar til öll spilin eru búin á hendi.



Að vinna leikinn

Báðir leikmenn telja spilin sem þeir hafa safnað í bunka. Hvert spil telur 1 stig. Leikmaður með flest stig vinnur ROCK!

Ef það er jafntefli, þá er spilað aftur.